

## Þróunarsjóður innflytjendamála 2012

**Heiti verkefnis:** Heiman ég fór

**Nafn styrkþega:** Margrét Blöndal

### Útdráttur:

Gerðir verða 8 sjónvarpsþættir um jafn marga einstaklinga sem sest hafa að á Íslandi. Saga þeirra verður sögð. Hvernig var bernska þeirra? Hvers vegna lá leið þeirra til Íslands? Hvernig var þeirra upplifun af landi og þjóð og hvernig er núverandi staða? Síðast en ekki síst verður svo fjallað um hvernig viðkomandi einstaklingar hafa auðgað samfélagið með nærveru sinni. Þættirnir munu fjalla um fólk af ólíkum uppruna, fólk sem á sumt sameiginlegt en annað ekki. Einstaklingarnir segja sögu sína sjálfir en auk þess verður talað við ættingja, vini, samstarfsmenn og fl. sem munu gefa frásögnunum meiri lit. Markmiðið er að varpa ljósi á menningarlegan margbreytileika íslensks samfélags og sýna hvernig innflytjendur auðga íslenskt mannlíf, hver með sínum hætti og eru langt frá því að vera einsleitur hópur.